



STARFSLEYFI

Íslenska gámafélagið ehf.

Kt. 470596-2289

Ægisnes 3

603 Akureyri

- Móttökustöð fyrir úrgang og flutningur úrgangs-

Leyfið er veitt í samræmi við lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit m.s.br. Leyfishafi skal auk þess hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma og meðfylgjandi starfsleyfiskilyrðum.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisfiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess

Ef breytingar verða á starfseminni skal tilkynna það Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.


Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra hverju sinni þar til tilkynnt hefur verið um stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

Gildir til: 30. maí 2025

30.maí 2024

Framlengdur gildistími til 31. janúar 2026

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ


Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisaskilyrði

Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

Starfsleyfishafi: Íslenska gámafélagið ehf.
Kennitala: 470596-2289
Starfsemi: Móttökustöð fyrir úrgang og flutningur á úrgangi
Starfsstöð: Ægisnesi 3, 603 Akureyri

Gildistími starfsleyfis: frá 30. maí 2024 til 30. maí 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- Starfsleyfi þetta veitir starfsleyfishafa heilmild til að taka á móti, rúmmálsminnka og umhlaða úrgangi á ofangreindri starfsstöð. Leyfið tekur eining til flutnings á úrgangi á vegum starfsleyfishafa til og frá starfsstöðinni
- Heimilt er að taka á móti, rúmmálsminnka, umhlaða og geyma til skamms tíma allan hættulítinn, almennan úrgang sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr.1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs ¹
- Árlega er heimilt að taka við magni og gerð úrgangs í samræmi við eftirfarandi töflu:

Úrgangsflokkur	Magn (tonn)
Blandaður úrgangur	1.000
Plast	250
Pappír/fernur/dagblöð	500
Bylgjupappi	500
Grófur úrgangur	800
Hólbarðar	150
Timbur	1.500
Gler	200

¹ Þó skal vera til staðar aðstaða til að geyma spilliefni sem hugsanlega berast inná svæðið, ekki má safna spilliefnum upp á starfsstöðinni heldur flytja til móttökustöðvar fyrir spilliefni svo fljótt sem verða má.

Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:

- hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt.
- úrgang frá landbúnaði.
- sóttmengaðan úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- geislavirkan úrgang.

- 1.4. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.5. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði skulu ávallt vera aðgengileg á starfsstöð. Skylt er framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.
- 1.6. Starfsleyfishafa ber að tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim, sem og í samræmi starfsleyfisskilyrði og önnur lög, reglugerðir og samþykktir sem um starfsemina kunna að gilda á hverjum tíma. Þar á meðal lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 1.7. Starfsleyfishafa ber að tryggja að stjórnandi móttökustöðvarinnar hafi nægilega tæknilega færni til að stjórna stöðinni og að starfslið hennar hljóti þá fræðslu og þjálfun sem til þarf.

2. Lóð og umhverfi

- 2.1. Starfsleyfishafi skal halda lóð og athafnasvæði fyrirtækisins hreinu og snyrtilegu. Gæta skal að því að á athafnasvæðinu safnist ekki fyrir hlutir eða búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi.
- 2.2. Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu. Allar vélar, tæki, gámar og annað það er starfseminni tilheyrir, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hætta á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágranna.
- 2.3. Svæðið skal afgirt og aðgangur að því takmarkaður við opnunartíma svæðisins. Við inngang á svæðið skal vera upplýsingaskilti þar sem fram kemur með skýrum hætti opnunartími svæðisins og hvaða tegundum úrgangs tekið er við.
- 2.4. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á því að lóðamörk séu virt og að notkun húsnæðis og lóðar sé í samræmi við gildandi skipulag.
- 2.5. Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun.

3. Mengunarvarnir

- 3.1. Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði.

- 3.2. Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.3. Eftir því sem við á skal athafnasvæði fyrirtækisins, eða hlutar þess, lagt vökvaheldu yfirborði með niðurföllum tengdum viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sbr. gr. 3.7. Þvottur véla- og vélahluta skal fara fram á olíuheldu plani með afrennsli um olíuskilju eða í þar til gerðum þvottavélum með lokuðu kerfi. Þvottur á gámum og öðrum ílátum fyrir úrgang skal fara fram á vökvaheldu plani með afrennsli um fituskilju og/eða ristum í niðurföllum til að koma í veg fyrir að fita og/eða fastur úrgangur berist í fráveitu.
- 3.4. Um meðferð og geymslu olíu og úrgangsolíu, frágang olíutanka, gastanka og álíka búnaðar fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Olíugeymir skal staðsettur á afmörkuðu olíuheldu plani með frárennsli tengt olíuskilju. Heilbrigðiseftirlitið getur, ef aðstæður leyfa, samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- 3.5. Takmarka skal hávaða frá starfseminni eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.6. Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að ryk og lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi. Þar sem nauðsyn er á loftræstingu út um vegg skal ávallt sjá til þess að veggur og nærumhverfi haldist hreint.
- 3.7. Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum bygginganefndar og heilbrigðiseftirlits. Á fráveitu fyrirtækisins skal vera viðeigandi mengunarvarnarbúnaður, s.s. ristar, olíuskilja, sandskilja, fituskilja o.þ.h., í samræmi við eðli og umfang starfseminnar. Til staðar skal vera aðstaða til sýnatöku á fráveituvatni frá olíu- og fituskiljum og miða skal við að magn olíu/fitu í frárennsli fari ekki yfir 15 mg/ml.

4. Meðferð Úrgangs

- 4.1. Við söfnun og geymslu úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs m.s.br., reglugerðar nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br., reglugerðar nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br. og reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni eftir því sem við á, auk annarra reglugerða sem kunna að gilda um einstaka þætti starfseminnar. Beita skal bestu aðgengilegri tækni við meðhöndlun úrgangs.
- 4.2. Úrgang skal flokka eftir því sem tök eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar. Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát.

- 4.3. Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Þeim skal jafnframt haldið hreinum með reglulegum þrifum.
- 4.4. Umstöflun á efni sem getur valdið fokhættu skal fara fram innan dýra.
- 4.5. Hindra skal aðgang meindýra, fugla og annarra dýra að athafnasvæði og úrgangsgeymslum.
- 4.6. Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs, sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hættu vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess starfsleyfi.
- 4.7. Urðun, brennsla og önnur meðferð úrgangs en móttaka, flokkun, rúmmálsminnkun og geymsla er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.
- 4.8. Úrgang sem flokkast sem spilliefni skal meðhöndla af varúð og þess vandlega gætt að hann hvorki berist í andrúmsloft, jarðveg, yfirborðsvatn né grunnvatn eða geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni. Spilliefni skal geyma í aðskildum ílátum og merkja sérstaklega. Hvorki má blanda úrgangi sem flokkast sem spilliefni við annan úrgang né blanda saman mismunandi tegundum úrgangs sem flokkast sem spilliefni
- 4.9. Geyma skal raf- og rafeindatækjaúrgang, sem og rafhlöður og rafgeyma sem skilað er til móttökustöðvarinnar í þar til gerðum ílátum, á svæði með ógegndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar, undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, þéttu, vatnsheldu loki eða í viðeigandi lokanlegum og loftræstum gámum.
- 4.10. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd í upprunalegum umbúðum sem skulu merktar með viðeigandi varnaðarmerkjum og hættu- og varnaðarsetningum, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- 4.11. Olíuúrgang skal geyma á viðeigandi hátt í til þess ætluðum ílátum eða geymum á vökvaheldu plani með niðurföllum tengdum við olíuskilju. Óheimilt er að losa olíuúrgang í yfirborðsvatn, grunnvatn, sjó, jarðveg eða fráveitu. Jafnframt er óheimilt að blanda olíuúrgangi saman við annan úrgang.

5. Eigið eftirlit og skráningar


- 5.1. Starfsleyfishafi skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Eftirfarandi ber skrá reglulega:
 - a. Tegundir og magn úrgangs sem tekið er á móti
 - b. Skil úrgangs og spilliefna til endurvinnslu eða förgunar
 - c. Fyrirkomulag og eftirlit með mengunarvörnum fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar hreinsanir og viðhald mengunarvarnarbúnaðar
 - d. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu

6. Sérstakar kröfur vegna starfsleyfis

- Á starfsleyfistímanum skal starfsleyfishafi hafa uppfyllt lið 3.3 um vökvahelt yfirborð athafnasvæðis og viðeigandi mengunarvarnarbúnað á fráveitu. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á að þrif á gámum , flutningatækjum o.fl. fari fram við sambærilegar aðstæður og krafist er, á meðan ekki til staðar fullnægjandi aðstaða á starfsstöðinni.
- Á starfsleyfistímanum skal starfsleyfishafi ljúka við að setja upp girðingu umhverfis svæðið í samræmi við kröfur í grein 2.3.
- Ekki er til staðar aðstaða til þess að umstafla efni sem getur valdið fókættu innan dyra, eins og gerð er krafa um í grein 4.4. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á því að umstöflun slíkra efna fari fram við fullnægjandi aðstæður. Í fylgigögnum við starfsleyfisumsókn kom fram að fokefni verði flutt til umstöflunar á aðrar starfsstöðvar starfsleyfishafa þar til gengið hefur verið frá fullnægjandi aðstöðu á starfsstöðinni.

30. maí 2024

fh. Heilbrigðisnefndar

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRA**

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	



2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/201 8 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	



3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

	Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisaskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.



30. maí 2024

Greinargerð með útgáfu starfsleyfis fyrir Íslenska gámafélagið ehf., vegna móttökustöðvar fyrir úrgang að Ægisnesi 3 á Akureyri

Umsókn um starfsleyfi barst þann 15.3 2024 umsækjandi var Íslenska gámafélagið kt. 470596-2289. Tillaga að starfsleyfi var auglýst þann 3. apríl 2024 og gefinn 4 vikna frestur til athugasemda.

Á 235. fundi Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra sem fram fór þann 24. apríl sl. var samþykkt að starfsleyfið yrði gefið út nema innsendar athugasemdir gæfu tilefni til annars.

Einn aðili sendi inn athugasemdir í nokkrum liðum við tillöguna. Í útgefnu starfsleyfi er tekið tillit til allra athugasemda sem við tillöguna bárust, sjá nánar í fylgiskjali I

Áður en starfsleyfi var gefið út var haft samband við byggingarfulltrúa Akureyrarbæjar sem staðfesti að starfsemin væri í samræmi við gildandi skipulag og að samþykkt sorpmóttaka væri á lóðinni.


Áður en starfsleyfi var gefið út var kallað eftir úrbótaáætlun frá rekstraraðila varðandi þau atriði sem ekki eru í samræmi við starfsleyfisskilyrði og lúta m.a. frágangi lóðar. Framkvæmdaáætlun barst þann 24. maí sl. Fylgiskjal II

Útgefið starfsleyfi er gefið út til eins árs og með þeim skilyrðum að hluti lóðarinnar verði lagður vökvaheldu yfirborði og tengdur við viðeigandi mengunarvararbúnað og jafnframt að lokið verði við að girða lóðina af á starfsleyfistímanum. Skv. útgefnu starfsleyfi ber starfsleyfishafi ábyrgð á því að allt efni sem getur valdið fohættu verði meðhöndlað á öðrum starfsstöðum á hans vegum og einnig að þrif gáma, flutningatækja o.fl. fari fram við fullnægjandi aðstæður utan svæðisins. Við gerð starfsleyfisins voru starfsleyfisskilyrði fyrir sambærilega starfsemi á öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum höf til hliðsjónar til að gæta samræmis í kröfum.

Kæuréttur:

Vakin er athygli á því heimilt er að kæra útgáfu starfsleyfisins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kæufrestur er almennt einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um þá ákvörðun sem kæra skal. Á heimasíðu úrskurðarnefndarinnar (www.uua.is) er að finna nánari leiðbeiningar um hvernig standa skuli að kæru til nefndarinnar

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
framkæmdarstjóri

	Athugasemd við starfsleyfistillögu	Viðbrögð HNE
1	ekki kveðið á um magn og tegund úrgangs sem heimilt er að taka við	Í útgefnu starfsleyfi er tafla yfir magn og gerð úrgangs sem heimilt er að taka á móti
2	bent á að tillaga að starfsleyfi er bundin við móttöku á hættulitlum, almennum úrgangi frá almenningi og „smærri“ fyrirtækjum.	Í útgefnu starfsleyfi var orðalagi breytt. Ekki lengur bundið við smærri fyrirtæki
3	Gerð athugasemd við að ekki væri gerð krafa um að umstöflun á rokgjörnu efni færi fram innan dyra	Í grein 4.4. í útgefnu starfsleyfi er gerð krafa um umstöflun á efni sem geti valdið fokhættu fari fram innan dyra
4	við grein 3.13. um kvittanir vegna skila á spilliefnum. Bent á að í greininni fælist þversögn þar sem tekið væri fram að óheimilt væri að taka á móti spilliefnum á staðnum	Grein 4.13. hefur verið felld úr útgefnu leyfi
5	varðandi orðalag um að óheimilt sé að taka við miklu magni spilliefna	Þessu orðalagi hefur verið breytt í útgefnu leyfi
6	bent á að aðstaðan sé staðsett á óafgirtu malarplani og að engar fitu- eða olúgildrur séu til staðar. Jafnframt bent á að umhleðsla á rokgjörnu efni þurfi að fara fram innan dyra	Gerð er krafa um að á starfsleyfistímanum skuli rekstraraðili hafa uppfyllt skilyrði um vökvahelt yfirborð og mengunarvarnarbúnað á fráveitu. Á meðan ekki til staðar aðstaða til þess að þrifa gáma og flutningatæki á svæðinu ber starfsleyfishafi ábyrgð á því að þrif fari fram við viðunandi aðstæður annarsstaðar. Gerð er krafa um að lokið verði við að girða svæðið af á starfsleyfistímanum og að meðan ekki er til staðar aðstaða til þess meðhöndla rokgjarnt efni innan dyra skal slíkt efni flutt og meðhöndlað á öðrum starfsstöðvum starfsleyfishafa
7	Bent á að það vanti ákvæði um losunarmörk og aðstöðu til sýnatöku	Sett verið inn ákvæði um sýnatöku og losunarmörk
8	Bent á að í útboði hafi verið gert ráð fyrir timburúrgangar verið tættir á athafnasvæðinu. Skorað á HNE að ganga úr skugga um að slík starfsemi sé ekki stunduð á svæðinu	Ekki var um neina kurlun á timbri að ræða þegar starfsstöðin var heimsótt. Skv. útgefnu starfsleyfi er heimilt taka á móti, rúmmálsminnka og umhlaða úrgangi á starfsstöðinni

Íslenska gámafélagið

Framkvæmdaáætlun 2024-2025

fyrir starfstöð fyrirtækisins að Ægisnesi 3, Akureyri.

Starfsstöð Íslenska gámafélagsins (ÍGF) við Ægisnes 3 er staðsett á iðnaðar- og athafnalóð.

Á stöðinni er búið að setja upp skrifstofuaðstöðu en fyrirtækið stefnir að mikilli

uppbyggingu á lóðinni með auknu umfangi starfseminnar á svæðinu.

Þessi uppbygging tekur þó tíma og eftirfarandi verkefni eru í forgangi árið 2024 og 2025:

Frágangur lóðar

Áætlað er að malbika 3.000 til 5.000 fermetra fyrir árslok 2024. Einnig verður malbikað í kringum flokkunarstöðina þegar hún hefur verið reist.

Girðing

Lóðin verður girt af og það verkefni verður unnið í 3-4 áföngum í samráði við aðila á aðliggjandi lóðum. Fyrsta áfangi er austurhlið lóðarinnar og verður lokið fyrir 1. ágúst 2024.

Annar áfangi er steypur veggur milli lóðar Íslenska gámafélagsins og Steypustöð

Akureyrar og því verður lokið vor 2025. Útfærslu á lokaáfanga þarf að skoða og mögulega leggja fyrir HNE.

Flokkunarskemma

Reist verður 1.500 fermetra stálgrindarhús fyrir flokkunarskemmu á lóðinni. Hönnunarvinna er hafin og í lok júlí verður sótt um byggingaleyfi og framkvæmdir hefjast um leið og það leyfi verður veitt.